

SAMÞYKKT um sorphirðu í Stykkishólmi.

1. gr.

Stykkishólmsbær annast sorphirðu (sorpeyðingu og sorphreinsun) í Stykkishólmi samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphirða fram undir stjórn bygginga- og skipulagsdeildar og eftirliti heilbrigðisnefndar Vesturlands. Stykkishólmsbær getur falið verk-tökum að annast innsöfnun á sorpi í Stykkishólmi, flutning og förgun.

2. gr.

Verktakar sem annast sorphirðu skulu hafa til þess starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

3. gr.

Sérhver íbúðarhafi í Stykkishólmi er skyldugur að nota þær aðferðir og ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem bæjarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd, ákveður.

4. gr.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og skulu húsráðendur hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim, svo unnt sé að annast hreinsun.

5. gr.

Stykkishólmsbær leggur til sorpílát fyrir heimilisúrgang til einstaklinga og fyrirtækja. Sorpílátin eru leigð samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn setur.

6. gr.

Í almenn sorpílát við heimili í þéttbýli má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. venjulegan heimilisúrgang, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs. Ekki má setja í þau mold, mól, grjót, byggingaúrgang, garðaúrgang o.þ.h. Spilliefni og annar hættulegur úrgangur má ekki fara í sorpílát né heldur lyf.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla sorpið eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá á annan tryggilegan hátt. Gæta skal þess að fylla sorpílátin ekki meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

Móttaka á úrgangi sem ekki er heimilt að setja í sorpílát, er á gámastöð við flugvöllinn þar sem rekin er móttöku- og flokkunarstöð fyrir úrgang. Greiða skal fyrir móttöku úrgangs samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn Stykkishólms setur.

7. gr.

Sorphreinsun fer fram eigi sjaldnar en á 14 daga fresti á almennu heimilissorpi. Flokkaðan úrgang er heimilt að hirða sjaldnar. Æski húsráðendur að sorp verði fjarlæggt oftar bera þeir sjálfir kostnað af slíkum viðbótarhreinsunum.

8. gr.

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir þeir aðilar sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og viðameiri sorphreinsunar ber sjálfum að annast og kosta hana. Frágangur og umgengni um

sorpílát skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðiseftirlits. Flutning á úrgangi frá fyrirtækjum og stofnunum skal framkvæma eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

9. gr.

Almenn sorphreinsun samkvæmt 7. gr. greiðist af bæjarsjóði. Bæjarstjórn er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn setur og auglýsir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Sorphirðugjald skal lagt á hverja þá fasteign sem nýtur framangreindrar þjónustu og miðast við stærð og fjölda íláta og hvort um er að ræða flokkaðan eða óflokkaðan úrgang. Heimilt er að innheimta sorphirðugjald hjá lögaðila samkvæmt rúmmáli, þyngd eða sérstöku samkomulagi við bæjaryfirvöld ef álagning gjaldsins verður ekki tengd innheimtu fasteignagjalda. Bæjarstjórn er heimilt að takmarka fjölda sorphílaða við hverja fasteign.

10. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun til bygginga- og skipulagsdeildar eða heilbrigðiseftirlits.

11. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð eða geymslu úrgangs skulu sorphirðumenn tilkynna það til bygginga- og skipulagsdeildar eða heilbrigðiseftirlits sem hlutast til um að úr verði bætt.

12. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

13. gr.

Samþykkt þessi er sett með heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 123/1998 um sorphirðu í Stykkishólmi.

Umhverfissráðuneytinu, 5. febrúar 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.